Heilbrigðisráðuneytið
Síðumúla 24,
108 Reykjavík.
Sent rafrænt í *samráðsgátt stjórnvalda*.

Reykjavík, 16. janúar 2023.

Efni: Umsögn Sorgarmiðstöðvar um drög að tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum 2023-2027. 153. löggjafarþing 2022/2023. Þingskjal x – x. mál. Stjórnartillaga.

Sorgarmiðstöð er þjónustumiðstöð á sviði sorgarúrvinnslu sem veitir m.a. stuðning við eftirlifendur sjálfsvíga. Í samræmi við tilgang sinn beinir Sorgarmiðstöð umsögn sinni að eftirfarandi lið í aðgerðaráætluninni, á bls. 4 - 5:

> 1.B.3. Að skýrt samræmt verklag og leiðbeiningar um stuðning við eftirlifendur eftir sjálfsvíg liggi fyrir og sé fylgt.
> *Tilgangur:* Að tryggja viðeigandi stuðning í kjölfar sjálfsvígs.
> *Ábyrgð:* Embætti landlæknis.
> *Samstarf:* Heilbrigðisstofnanir (opinberar og einkareknar), sveitarfélög, félagsþjónusta, vinnustaðir, skólar, héraðslæknar, prestar, sjúkraflutningar, fangelsi, notenda- og aðstandendasamtök, frjáls félagasamtök á sviði sjálfsvígsforvarna og -meðferðar, lögregluembætti, þjónusta við hælisleitendur.
> *Samfélagsáhrif:* Upplifun einstaklingsins er að aðgengi að stuðningi er öruggt fyrir alla og óháð búsetu, bakgrunni og aldri.

Sorgarmiðstöð býður fram þekkingu og reynslu af stuðningi í kjölfar sjálfsvígs og *lýsir yfir vilja* til að taka þátt í áformuðu samstarfi um að móta samræmt verklag og leiðbeiningar um stuðning við eftirlifendur eftir sjálfsvíg.
Sorgarmiðstöð vinnur nú að *Hjálp48,* sem er verklag um stuðning við aðstandendur innan 48 kukkustunda frá dauðsfalli.
Sorgarmiðstöð er reiðubúin að kynna hugmyndafræði *Hjálp48* fyrir *samstarfsaðilum* skv. lið 1.B.3. með það að markmiði að tryggja viðeigandi, skjótan og öruggan stuðning eftir sjálfsvíg óháð búsetu, bakgrunni og aldri.

Sorg og sorgarúrvinnsla.
Sorg er ekki sjúkdómur, en getur þróast í sjúklegt ástand ef viðeigandi úrræði í stuðningi og hjálp skortir. Eftir sjálfsvíg er miklvægt að samstarfsaðilar *bregðist fumlaust við* og bjóði þjónustu sem *kemur til* viðkomandi aðstandenda (e. outreach support) því mikilvægt er að grípa nákomna hins látna sem fyrst og hlúa að þeim á viðeigandi hátt, til að tryggja að þeir geti haldið áfram lífi og starfi. Þá er það viðurkennt af Alþjóða heilbrigðismálastofnunni að stuðningur í kjölfar sjálfsvígs (e.postvention) er mikilvægur liður í sjálfsvígsforvörnum.
Sorgarúrvinnsla fellur undir úrræði í lýðheilsumálum og snýst um að *létta sorgarálag* til að draga úr hættu á líkamlegum, andlegum og félagslegum heilsubresti sem getur orðið, sé ekkert að gert.

Virðingarfyllst,
f.h. Sorgarmiðstöðvar

Karólína Hulda Guðmundsd.